Hafnarfjarðarbær
Innk: 14/9 2015
Málsnr: 1404159
Bréfal: 331

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 101 Reykjavík
sími:545 8100 bréfasími:551 9165
postur@vel.is velferdarraduneyti.is

Hafnarfjarðarbær - fjölskylduráð
Margrét L. Jónsdóttir, fulltrúi/ritari
fjölskylduráðs
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

Reykjavík 10. september 2015
Tilv.: VEL15060240/05.54.00

**Efni: Svar vegna beiðni um fjölgun dagdvalarrýma á Sólvangi.**

Vísað er til erindis, dagsett 28. ágúst 2015, þar sem fjölskylduráð Hafnarfjarðar áréttar mikilvægi þess að komið sé til móts við óskir sveitarfélagsins um fjölgun dagdvalarrýma á Sólvangi.

Ráðuneytið hefur skilning á mikilvægi dagdvalar sem stoðþjónustu við aldraða enda hefur ráðuneytið lagt áherslu á það undanfarin misseri að fjölga slíkum úrræðum eftir því sem fjármagn hefur leyft. Hins vegar er ekki unnt að fjölga dagdvalarrýmum á Sólvangi þar sem ekki er gert ráð fyrir þeirri fjölgun í fjárlögum ársins 2015. Ráðuneytið mun þó eftir sem áður leitast við að fjölga dagdvalarrýmum í samræmi við forgangsröðun á þörf fyrir þjónustu og fjárlög.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Bryndís Þorvaldsdóttir

Inga Birna Einarsdóttir